

Ed.

563. Breytingartillögur

[180. mál]

við frv. til laga um Seðlabanka Íslands.

Frá Karli Kristjánssyni og Birni Jónssyni.

1. Við 11. gr.
 - a. Á eftir orðunum „á reikningi hjá honum“ í 3. málsg. bætist inn í málsgreinina: Þó aðeins af þeirri aukningu, sem er umfram þá upphæð, er svarar til almennra innlánsvaxta af öllu innlánsfénu.
 - b. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til innlánsstofnana, sem hafa minna en 10 millj. króna innstæðufé samtals.
2. Við 12. gr. Í stað orðanna „ríkistryggð verðbréf eða önnur trygg verðbréf, er nemi“ komi: í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, ríkistryggð verðbréf eða önnur trygg verðbréf, er samtals nemi.
3. Við 24. gr. Í stað orðanna „þriggja manna bankastjórnar“ komi: tveggja manna bankastjórnar.
4. Við 25. gr. Fyrsta málsg. greinarinnar orðist svo:

Bankastjórn Seðlabankans er skipuð tveimur bankastjórum, sem ráðherra skipar að fengnum tillögum bankaráðs.